



Árni Ísaksson  
Forstöðumaður  
Lax- og silungsveiðisviðs

Greinin birtist í Morgunblaðinu  
11. ágúst 2009

## Malarnám og framkvæmdir við veiðiár

Malartekja og aðrar framkvæmdir við veiðiár hafa farið vaxandi undanfarin ár. Öll vatnsföll bera fram mikið magn af mól sem sorfin hefur verið úr farvegi þeirra í árpúsundir. Oft safnast það mikil mól í farveginn að árnar flæmast um eyrar og valda jafnvel landbroti og eyðingu á grónu landi. Sumir árfarvegir hafa því verið mikilvæg námusvæði í áratugi án þess að við því hafi verið amast. Á hinn bóginn getur malartekja úr veiðiám einnig valdið skaða, ef hún er framkvæmd á rangan hátt á mikilvægum hrygningar- eða uppeldisstöðvum laxfiska.

Undanfarin ár hefur verið mikil ásókn í mól og framkvæmdaaðilar tilbúnir að greiða hátt verð fyrir hana. Landeigendur hafa því verið undir miklum þrýstingi frá verktökum og jafnvel opinberum aðilum að selja mól úr áreyrum. Frá árinu 1994 hefur stjórnvísla veiðimála reynt að stýra malartekju í veiðiám þannig að hún ylli sem minnstum skaða. Frá þeim tíma hefur ábyrgð veiðiréttareigenda og framkvæmdaaðila, sem um málið fjalla vaxið verulega en þó er enn víða pottur brotinn.

### Malartekja er leyfisskyld

Þótt malartekja og aðrar framkvæmdir hafa lengi verið leyfisskyldar voru lagaákvæðin þó styrkt til muna með breytingu á lax- og silungveiðilöggjöfinni árið 2006 sbr. 33 grein laganna:

*“Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu. Um byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og reglum settum samkvæmt þeim. Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd. Ef sérstök ástæða þykir til getur Fiskistofa krafist þess að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmdar er veitt. Fiskistofa getur í slíkum tilvikum kveðið nánar á um til hvaða þátta úttektin skuli ná. Kostnaður vegna nauðsynlegra líffræðilegra úttekta skal greiddur af þeim sem óskar eftir leyfi til framkvæmda.”*

### Umsókn ásamt umsögn faglegra aðila

Eins og hér kemur fram, ber öllum þeim, sem hyggja á malartekju við eða í veiðiám og öðrum vatnsföllum, að leita eftir heimild til lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu. Með umsóknareyðublaði, sem hægt er að nálgast á vefsíðunni [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is), skal fylgja umsögn sérfræðings í búsvæðum laxfiska um það að óhætt sé að taka mól á umræddu svæði og jafnframt hvernig að því skuli staðið. Jafnframt er þess krafist að veiðifélagið við ána gefi umsögn um málið. Bent skal á að ekki er fullnægjandi að senda inn umsókn án þess að lögboðnar umsagnir fylgi en á því vill verða misbrestur.

Tilgangur leyfisveitinga er að verja búsvæði laxfiska og stýra malartekjunni inn á farsælar brautir. Þótt hún sé utan farvegar, getur hún valdið skakkaföllum þegar áin vex í vetrarflóðum og jafnvel valdið skaðlegri farvegsbreytingu. Því þarf heimild til efnistöku innan 100 metra frá árfarvegi.

Auk malartekju eru eftirfarandi framkvæmdir leyfisskyldar samkvæmt lögum um lax- og silungveiði: Fiskvegir og laxstigar, bakkavarnir, farvegsbreytingar, veiðistaða- og sleppitjarnagerð. Af tillitssemi við veiðimenn er lögð áhersla á það að framkvæmdir, sem valdið geta gruggi í veiðiám, fari ekki fram á veiðitíma, þ.e. á tímabilinu 1. júní til 15 september.

Rétt er að benda á að framkvæmdaaðilar þurfa jafnframt framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarfélags vegna malarnáms í samræmi við skipulagslög, sem kemur síðast í leyfisveitingaferlinu.

### **Mat á umhverfisáhrifum**

Lögum samkvæmt getur lax- og silungveiðisvið Fiskistofu krafist þess að gerð sé líffræðileg úttekt á framkvæmdasvæðinu áður en veitt er leyfi fyrir malartekju en oft liggja slíkar upplýsingar fyrir hjá rannsóknastofnunum, svo sem Veiðimálastofnun, ef um minni háttar malarnám er að ræða. Ef fyrirhuguð malartekja er umfram 50 þúsund m<sup>3</sup> eða nær til meira en 2,5 hektara svæðis ber framkvæmdaaðila að tilkynna um fyrirhugað malarnám til Skipulagsstofnunar, sem metur hvort framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum (sbr. lög nr. 106/2000). Ef fyrirhuguð malartekja er hinsvegar umfram 150 þúsund m<sup>3</sup> eða raskar 5 hektara svæði þarf hún lögum samkvæmt að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

### **Skaðabætur**

Sé um sannanlegan skaða að ræða vegna mannvirkjagerðar eða malarnáms við veiðivötn, geta komið til skaðabætur í samræmi við 36. grein laxveiðilaganna. Það er því klárlega til hagsbóta fyrir framkvæmdaaðila að fyrirhuguð framkvæmd hafi fengið lögboðna faglega og stjórnsýslulega umfjöllun.

Lög og reglugerðir varðandi umhverfismál laxfiska má finna á vefsíðu Fiskistofu [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is) undir lax- og silungsveiði.